

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

Nr. 55.

2. marz 1972.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamat og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.18% af gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur sky. 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhús	minnst 4 kr./m ³
Iðnaðarhús	minnst 1 kr./m ³
Vörugeymslur	minnst 1 kr./m ²
Allt annað húsnæði	minnst 4 kr./m ³

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1972 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 1.70 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkv. ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiaðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 6.00 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 4.00 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500.00 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr.	500.00	pr.	ár
50 mm mælir	—	800.00	—	—
80 mm mælir	—	1 000.00	—	—
100 mm mælir	—	2 000.00	—	—

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 34 31. janúar 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Borgarness
nr. 91 26. maí 1971.**

1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að innheimta skattinn á fleiri gjalddögum. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.